



# Ávarp á Mímisþingi 24. febrúar 2018

Eiríkur Rögnvaldsson  
Háskóla Íslands



# Nemendaráðstefna



- Ráðstefna í námskeiðinu  
*Íslensk beygingar- og  
orðmyndunarfræði*  
vorið 1991



## Íslensk viðskeyti

Ráðstefna í Odda  
25. apríl 1991

08 <sup>55</sup> -09 <sup>00</sup>	<b>Ráðstefnan sett</b> (Eiríkur Rögnvaldsson)
09 <sup>00</sup> -09 <sup>20</sup>	Vala Steinunn Guðmundsdóttir: <i>-isti</i>
09 <sup>20</sup> -09 <sup>40</sup>	Erna Norðdahl: <i>-urð</i>
09 <sup>40</sup> -10 <sup>00</sup>	Jófríður Anna Jónsdóttir: <i>-ing</i>
10 <sup>00</sup> -10 <sup>20</sup>	Anna Sigríður Þráinsdóttir: <i>-ískur</i>
10 <sup>20</sup> -10 <sup>40</sup>	<b>Kaffihlé</b>
10 <sup>40</sup> -11 <sup>00</sup>	Gunnhildur Stefánsdóttir: <i>-samur</i>
11 <sup>00</sup> -11 <sup>20</sup>	Jóhanna Steinunn Snorradóttir: <i>-óttur</i>
11 <sup>20</sup> -11 <sup>40</sup>	Kristín Margrét Jóhannsdóttir: <i>-ni</i>
11 <sup>40</sup> -12 <sup>00</sup>	Svanur Valgeirsson: <i>-heit</i>
12 <sup>00</sup> -12 <sup>20</sup>	Þorbjörg Hróarsdóttir: <i>-rí</i>
12 <sup>20</sup> -13 <sup>00</sup>	<b>Matarhlé</b>
13 <sup>00</sup> -13 <sup>20</sup>	Jóhanna Barðdal: <i>-ína</i>
13 <sup>20</sup> -13 <sup>40</sup>	Halldóra Tómasdóttir: <i>-ari</i>
13 <sup>40</sup> -14 <sup>00</sup>	Sigríður Baldursdóttir: <i>-sla</i>
14 <sup>00</sup> -14 <sup>20</sup>	Brynhildur Jónasdóttir: <i>-semð</i>
14 <sup>20</sup> -14 <sup>40</sup>	Kristjana Mjöll Sigurðardóttir: <i>-ir</i>
14 <sup>40</sup> -15 <sup>00</sup>	<b>Kaffihlé</b>
15 <sup>00</sup> -15 <sup>20</sup>	Rósa Sveinsdóttir: <i>-ung</i>
15 <sup>20</sup> -15 <sup>40</sup>	Hanna Óladóttir: <i>-ó</i>
15 <sup>40</sup> -16 <sup>00</sup>	Hrönn Þórisdóttir: <i>-dómur</i>
16 <sup>00</sup> -16 <sup>20</sup>	Guðrún Theodórsdóttir: <i>-lingur</i>
16 <sup>20</sup> -16 <sup>40</sup>	Rósa Erlendsdóttir: <i>-erni</i>
16 <sup>40</sup> -16 <sup>45</sup>	<b>Ráðstefnuslit</b> (Eiríkur Rögnvaldsson)

Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, heldur Mímisþing í samstarfi við Reykjavíkú-Akademíuna laugardaginn 17. mars í fundarsal hennar, JL-húsinu við Hringbraut.

Skipulögð dagskrá stendur frá kl. 12 til 18 með tveimur hléum þar sem boðið verður upp á léttar veitingar og kaffi. Þegar dagskránni lýkur verða drykkir til sölu (komið, kaupið bjór, Mímir er fátækur). Allir eru velkomnir (nema þeir sem koma vestan Suðurgötu).

Fyrirlesarar koma úr röðum íslenskunema, þeir eru flestir í BA- eða MA-námi, en á málþinginu kynna þeir niðurstöður úr rannsóknum sem þeir hafa stundað í námi sínu (þessar niðurstöður munu breyta veraldarsögunni). Fjórir fyrirlestrar verða um íslenskar bókmenntir en sex um íslenskt mál.

Fyrirlestrarnir eru þessir:

12:00 - 12:30 Atli Freyr Steinþórsson: „‘Ein sat hún úti’: Völvan í Völuspá“

12:30 - 13:00 Nedelina Stoyanova Ivanova: „Eru fæturnir komnir út úr skápnunum?“

13:00 - 13:30 Dána Rós Rivera: „Íslensk málstefna“

Hlé – léttar veitingar

14:00 - 14:30 Kristín Edda Búadóttir: „Þágufallshneigið“

14:30 - 15:00 Sigríður Geirsdóttir: „Konungur af Guðs náð“

15:00 - 15:30 Anton Karl Ingason: „Íslensk atkvæði - vélræn nálgun“

Hlé – kaffi

16:00 - 16:30 Aðalbjörg Bragadóttir: „Um bifreiðar í ljóðum atómskaldanna“

16:30 - 17:00 Ásta Kristín Benediktsdóttir: „Huglausar hetjur og grunsamlegir galdramenn“

17:00 - 17:30 Einar Freyr Sigurðsson: „Tölvun hjá mér er biluð. Notkun forsetningarinnar *hjá* í eignarmerkingu“

17:30 - 18:00 Lára Kristín Unnarsdóttir: „Talmálsáhrif í netspjalli“



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD



# Fyrsta Mímisþingið

JÓHANNES GÍSLI BLOGGAR

SUNDAY, MARCH 18, 2007

## Mímisþing

Ég held að enginn hafi verið svikinn af Mímisþinginu í Reykjavíkú-Akademíunni í gær en þar fluttu 9 íslenskunemar fyrirlestra um hin aðskiljanlegustu efni innan íslenskra fræða. Mér fannst allt koma saman svo úr varð einstaklega vel heppnað málþing, þ.e. fróðlegir fyrirlestrar, fjörugar umræður og góðar veitingar.

Mímisþingið í gær var líka skemmtilega þverfaglegt því kennararnir á staðnum voru ekkert að takmarka sig við sín sérsvið í spurningum og umræðum eftir fyrirlestrana. Þetta hefur kannski komið einhverjum íslenskunemum á óvart en skýringin er mjög einföld: sá sem hefur lifandi áhuga á einhverju sviði innan íslenskra fræða þarf mjög litla örvun til að flytja þann áhuga yfir á önnur svið eða jafnvel aðrar fræðigreinar. Það er því auðvelt fyrir málfræðing eins og mig að sogast inn í fyrirlestra um ævintýri og fantasíur eða bíla í ljóðum atómskaldanna.

Það má margt læra af Mímisþinginu í gær en það sem stendur upp úr í mínum huga núna er að þessi viðburður getur verið mikilvægur innblástur fyrir þverfagleg námskeið og rannsóknarverkefni af ýmsu tagi innan íslenskuskorar á næstu árum.

POSTED BY JÓHANNES AT 8:57 AM

KRÆKJUR

[Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum](#)

[Íslenska málfræðifélagið](#)

[Háskóli Íslands](#)

[Hugvísindadeild](#)

[Rannsóknir](#)

[Mímir](#)

BLOG ARCHIVE

▼ 2007 (9)

► [May](#) (1)

► [April](#) (3)

▼ [March](#) (5)

[\(Ó\)spennandi námskeið](#)

[Hljómur framtíðarinnar](#)

[Mímisþing](#)

[Skuldadagar](#)

[Fyrsta færslan](#)

Mímisþing 24. febrúar 2018



# HÍ21 – samþætting kennslu og rannsókna

Deildir og námsleiðir  
samþætti markvisst  
rannsóknir og kennslu

- Virkir rannsakendur komi að kennslu á fyrsta ári í grunnnámi
- Kennarar kynni eigin rannsóknir í grunnnámi og hvetji nemendur til þátttöku í innlendum ráðstefnum sem hluta af náminu
- Samþætting rannsókna og kennslu hluti af stefnu deilda





# Breyttar kröfur

- „[S]ú færni sem vinnuveitendur eiga hvað erfiðast með að finna í dag eru skrif. Og þá á ég ekki við tæknileg skrif, ekki forritun, heldur bara hefðbundin skrif. Orð á blaði. Þetta gildir um verkfræðinga, tölvunarfræðinga, sölufólk. Þvert á störf, og þvert á geira, eru vinnuveitendur að leita að færni eins og skrifum, samskiptum, skipulagi.“



Lilja Dögg Jónsdóttir, hagfræðingur og MBA frá Harvard.

„Tækni er undirstaða í daglegu lífi og starfi okkar flestra og ein afleiðing þess er að línurnar sem aðskilja ólík störf hafa verið máðar út. Sífelld fleiri störf krefjast þess að einstaklingar blandi saman þverfaglegri færni. Í dæmigerðri starfslýsingu hugbúnaðarverkfræðings má nú auk forritunar sjá áherslu lagða á almenna hönnun, skilning á markaðsvinnu og viðmótshönnun. Þverfaglegar færnikröfur ná jafnframt langt út fyrir tæknigeirann. Í ýmsum hönnunarstörfum og viðskiptastörfum má nú til dæmis sjá færnikröfur sem áður hefðu aðeins tilheyrt tölvunarfræði, svo sem færni til flókinnar gagnavinnu eða for-

ritunar. Í hefðbundnum tæknistörfum er jafnframt síaukin áhersla lögð á „mýkri“ færni, svo sem að starfsfólk sé vel skrifandi, hæft í samskiptum og skapandi.“





# Ný kjarnanámskeið í íslensku?

- Forritun og tölvunotkun
  - Kennd verða grundvallatriði í tölvunotkun, svo og forritun með forritunarmálinu Python. Áhersla verður lögð á að vinna málfræðileg verkefni og hugbúnaðarpakkinn NLTK kynntur lauslega
- Tölfræði og gagnavinnsla
  - Farið verður yfir grundvallaratriði í lýsandi tölfræði og myndrænni framsetningu gagna. Nemendur verða þjálfaðir í notkun tölfræðiforrítsins R við úrvinnslu málfræðilegra og bókmenntalegra verkefna





Takk fyrir áheyrnina!

